


Afstöðumynd
1 : 500

**Byggingarlýsing:**
Um er að ræða atvinnuhúsnæði á einni hæð á lóðinni Larsenstræti 2, 800 Selfoss.
Húsið skiptist í 3 verslunarhluta. Öllum rýmin hafa a.m.k 2 aðkomur, norðanmegin er aðkoma viðskiptavina en sunnan megin er vörumóttaka og starfsmannaaðkoma. Gert er ráð fyrir að í hverri verslun séu 1 til 10 starfsmenn.
Sameiginlegt inntaksrými er fyrir allt húsið.
Lnr. 231053.

Almenn efni og gerð:
Sökklar eru forsteyptir og einangraðir að utan með 50 mm plasteinangrun.
Gólfplata er staðsteypt, einangruð með 100 mm plasteinangrun.
Útveggir eru byggðir úr forsteyptum samlokueiningu. Forsteyptu samlokueiningarnar eru byggðar upp með ytra byrði 70mm þykkt, 100mm einangrun og berandi innri veggur 150mm að þykkt. Loka yfirborð er svart að lit.
Burðarvirki þaks er límtré klætt með yleiningum, ofan á yleiningar kemur síðan viðurkenndur soðinn PVC-dúkur.
Gluggar og hurðir eru ál, svart að lit, gler í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler.
Allir gluggar og hurðir skulu vera með CE-vottun og vera samkvæmt byggingarreglugerð.
Tvöfalt samlímt öryggisgler er í gólfsíðum gluggum/hurðum, sem og öllum gluggum/hurðum sem eru allt að 600mm frá gólfi.
Allar útihurðir (hurðarflekar) eru 900 mm að breidd.
Allar innihurðir (hurðarflekar) eru 800 mm að breidd.

Brunaveggir/innveggir:
Brunahólfandi veggir EI60 er tvöfaldir gifsveggir með 50mm einangrun.
Léttir innveggir eru byggðir úr blikkstoðum, einangraði með 50 mm einangrun og klæddir með 2x13mm gipsi beggja vegna.

Brunamál:
Húsið er í notkunarflokki 2.
Húsinu er skipt upp í 4 brunahólf, hvert verslunarrými er sér brunahólf og tæknirými sér brunahólf.
Í hverju brunahólfi skal vera handslökkvitæki og slöngukefli af viðurkenndri gerð.
Við val og staðsetningu á handslökkvitækjum má leita ráðgjafar hjá eldvarnareftirlitinu og hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum og reglum Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3.
Stakir reykskynjarar verða í hverju brunahólfi, hönnuður gerir ráð fyrir fjölda samkvæmt grunnmynd.
Út- og neyðarlýsing er í húsinu skv. byggingarreglugerð.
Flóttaleiðir má sjá á grunnmynd.
Reyklosun úr verslunarrýmum er um glugga og hurðir.

Lagnir:
Frárennslislagnir eru lagðar í jörðu og undir botnplötu og tengjast fráveitukerfi bæjarins.
Neysluvatnslagnir eru lagðar undir botnplötu og í veggi. (rör í rör)
Upphitun er með hitablásurum og ofnum.
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, sjá á grunnmynd.
Þakniðurföll eru út um þakkant og niður með veggjum samkvæmt lagnateikningum.
Vélræn loftræsing til lágmarks loftskipta í öllum gluggalausum rýmum skv. byggingarreglugerð. Önnur rými eru loftræst um opnanleg fög í gluggum útveggja. Ferskloft í tæknirými kemur um loftventil á útvegg eða samkvæmt loftræsihönnun. Loftræsikerfi skal þannig hannað og frá því gengið að það rýri ekki brunahólfun byggingar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Gera skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla skv. 6.7.1 gr. í byggingareglugerð.

Lóð, bílastæði og umhverfi:
Byggingin er samkv. skilmálum skipulagsyfirvalda um hámarkshæð og stærðir.
Skv. Gr. 7.1.6 , þá er gert ráð fyrir að yfirborð lóðar falli vel að landinu.
Á lóðinni eru 86 malbikuð bílastæði, þar ef er gert ráð fyrir 4 bílastæði fyrir fatlaða. Að öðruleyti er frágangur lóðar með grasþökum og hellulögn.
Öll aðkoma vegna þjónustuaðila s.s slökkviliðs og sjúkrabíla er mjög góð þar sem gott aðgengi er að húsinu.

Sorpmál:
Sorptunnuskýli er staðsett á suðurhluta lóðar. Gert er ráð fyrir 6x1100ltr einingum. Endanlegur fjöldi og útfærsla verður ákveðinn í samráði við Sv. Árborg.

Annað:
Uppfylltar eru kröfur varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta U-gildi:

| | | ÚTREIKN.TÖLUR | KRÖFUR |
|---|---|---|---|
| Byggingarhlutar | | W/m² K | |
| Forsteypt | 0,40 | (100 mm plasteinangrun) | 0,40 |
| Þak | 0,20 | (200 mm plasteinangrun) | 0,20 |
| Botnplata | 0,25 | (100 mm plasteinangrun) | 0,30 |
| Gluggar (k-gler) | 1,90 | (Tvöfalt k-gler) | 2,00 |
| Hurðir | 1,20 | | 3,00 |

Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.

| Nr. | Breyting | Dagsetning | Yfirfarið |
|---|---|---|---|

VERKHEITI: Larsenstræti 2
800 Selfoss

TEIKNINÚMER: 102

VERKHLUTI: Aðaluppdrættir
Afstöðumynd, skráningartafla og byggingarl.

ÚTGÁFA: A1

Teiknað: Jódís Ásta Gísladóttir kt.250775-4239

Blaðstærð: A1

Hönnuður: Bent Larsen Fróðason kt.141177-3469 — Samþykkt:

Dagsetning: 31.08.22

Hönnunarstjóri: Bent Larsen Fróðason kt.141177-3469 — Samþykkt:

Frumútgáfa: 31.08.22

LARSEN HÖNNUN OG RÁÐGJÖF
Bent Larsen Fróðason
Byggingafræðingur B.Sc
Sími 844-7699
tölvupóstur: bent@larsenhr.is

VERKNR: 21-03

MKV: 1:500